



Tómstunda og menningarmálanefnd Skagastrandar

FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 13. október 2015, kl 17.00 var fundur haldinn í tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Sigurlaug L. Ingimundardóttir, Björn Hallbjörnsson, Sigrún Líndal, Fannar J. Viggósson, Sigríður Björk Sveinsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Sigurlaug Ingimundardóttir formaður setti fundinn.

1. Skagginn

a. Kostnaðaryfirlit

Fyrir fundinum lá útskrift út bókhaldi sveitafélagsins deild 0571 þar sem kemur fram hverjir voru helstu kostnaðarliðir við bæjarhátíðina Skaggann 2015 sem haldinn var 14. ágúst 2015. Niðurstaða kostnaðar sýnir að heildarkostnaður við hátíðina nam 1.560 þús. en tekjur og styrkir samtals 855 þús. Nettókostnaður var því 705 þús. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 517 þús. til hátíðarhalda. Nefndarmenn ræddu kostnaðarliði vegna hátíðarinnar en að öðru leyti voru fyrirbyggjandi gögn til kynningar.

b. Skagginn 2016

Nefndarmenn ræddu hvort og hvernig halda skyldi bæjarhátíð 2016 og voru sammála um að stefna á hátíð með svipuðu sniði og haldinn var með Skagganum 2015 og að hún verði haldinn um miðjan ágúst.

2. Ungmennaráð - reglur

Fyrir fundinum lágu drög að reglum fyrir ungmennaráð sem samin eru skv. 11. gr. Æskulýðslaga nr. 70/2007. Samkvæmt reglunum mun ungmennaráð heyra undir tómstunda og menningarmálanefnd Skagastrandar og ungmennaráðið vera ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Nefndarmenn ræddu reglurnar en tómstunda- og menningarmálanefnd samþykkti þær svo fyrir sitt leyti og vísaði til sveitarstjórnar.

3. Jafnréttisáætlun

Fyrir fundinum lá jafnréttisáætlun Skagastrandar sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. júní 2015. Samkvæmt áætluninni hefur nefndin ábyrgð á 6. lið áætlunarinnar „Menningar-, íþrótt- og æskulýðsmál“. Nefndarmenn fóru yfir áætlunina og lögðu mat á hlutverk nefndarinnar og hvernig væri best að kanna



Tómstunda og menningarmálanefnd Skagastrandar

hvort því markmiði er náð að stúlkur og drengir hafi sömu tækifæri til tómstunda-, menningar- og íþróttastarfs. Ákveðið að taka saman gögn um kynjaskiptingu í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir næsta fund.

4. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir erindi undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.30

Sigurlaug L. Ingimundardóttir

Fannar J. Viggósson

Björn Hallbjörnsson

Sigrún Líndal

Magnús B. Jónsson

Sigr. Björk Sveinsdóttir

Sigurlaug Lára Ingim.
Sigrún Líndal
Fannar J. Viggósson
Sigr. B. Sveinsd.
Fannar J. Viggósson
Magnús Jónsson